

Minnisblað

Til: Menningarmálanefnd
Frá: Tinna Ólafsdóttir
Dags. 26. ágúst 2022
Mnr. 2022080021



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - bæjarlistamaður 2022.docx

Menningarmálanefnd veitir ár hvert listamanni sem búsettur er í Ísafjarðarbæ nafnbótina „bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar“. Auglýst er eftir tilnefningum á heimasíðu Ísafjarðarbæjar en samkvæmt [reglum um tilnefningu bæjarlistamanns](#), sem samþykktar voru 2015, skal skilafrestur tilnefninga vera 17. maí á hverju ári og útnefningin fara fram á 17. júní.

Undanfarin ár hefur verið brugðið út frá reglunum, útnefning hefur m.a. nokkrum sinnum farið fram á Act Alone einleikjahátíðinni og nú síðast var bæjarlistamaður útnefndur á Veturnóttum, í samstarfi við Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Undirrituð leggur til við menningarmálanefnd að endurskoða reglurnar m.t.t. tímasetninga innsendinga tilnefninga og úthlutunar. Einnig að skoðað verði hvort skynsamlegt sé að menningarmálanefnd sé frjálst að bæta við eigin tilnefningum, að auglýsingartíma loknum, ef engin eða fáar tilnefningar berast.

Tinna Ólafsdóttir,
upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar